

Nd.

382. Nefndarálit

[131. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8 27. febr. 1976, um flugvallagjald, sbr. lög nr. 110 30. des. 1978.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur fjallað um frumvarp þetta, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Undirritaðir, sem mynda 3. minni hluta nefndarinnar, leggja til að frumvarpið verði fellt.

Við bendum á að skattheimta núverandi ríkisstjórnar gengur mjög úr hófi fram í flestum greinum. Enn fremur minnum við á kosningaloforð Sjálfstæðisflokksins í síðustu kosningum, að leggja niður hina fjölmörgu viðbótarskatta, sem vinstri ríkisstjórnin 1978—1979 lagði á.

Með gjaldi þessu er verið að leggja sérskatt á almenning sem nemur á annan milljarð króna. Einkum er seilst í vasa þeirra, sem fjærst búa höfuðborginni, um greiðslu þessa skatts. Slíkt framferði stingur í stúf við breiðar ræður framsóknarmanna t. d. um framkvæmd byggðastefnu.

Þá má og á það benda, að aukið álag á flugfargjöld kemur mjög illa við flugfélög landsmanna, en aðalflugfélag landsins berst nú mjög í hökkum og fávíslegt að gera því örðugra um vik.

Alþingi, 29. apríl 1980.

Sverrir Hermannsson,
frsm.

Albert Guðmundsson.

Matthías Á. Mathiesen.